

Mál nr. 21/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 7. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 21/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og henni gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Siðanefnd móttók svarbréf 1. nóvember og var afrit af því sent kæranda X til umsagnar. Kærandi Y svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Var kærðu Y þá sent boð á sáttafund hinn 13. desember með ábyrgðarpósti dags. 24. nóvember. Þar sem kærða Y býr utan höfuðborgarsvæðisins var henni boðið að halda fund með fjarfundabúnaði og þáði hún það. Á fundinum reifuðu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir og þar sem siðanefnd taldi að ekki kæmu fram frekari gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta, ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 28. febrúar 2011 var tíkin XX pöruð við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu labrador retriever og er tíkin í eigu kærðu Y. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða Y brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða Y svaraði því til að haft hefði verið samband við skrifstofu HRFÍ og útskýrt að aðstæður væru þannig að augnvottorð tíkarinnar XX væri að renna út örfáum dögum fyrir en hápunkt lóðarís hennar. Þar eð augnskoðun var ekki í boði fyrr enn seinna og þar eð tíkin lóðar aðeins einu sinni á ári þá var ákveðið að para tíkina. Kærða Y útskýrði einnig að skrifstofa HRFÍ hefði upplýst hana um að pörunin yrði kærð til siðanefndar þar sem hún fengi að öllum líkindum áminningu. Áminning siðanefndar myndi þó ekki koma í veg fyrir að gotið fengist skráð og taldi kærða Y því óhætt að para tíkina. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og staðist skoðun.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið labrador retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. nóvember 1999).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað 28. febrúar 2011 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu labrador Retriever skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærðu Y var ljóst að hún væri að brjóta grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ þar sem augnvottorð tíkarinnar var útrunnið er pörun fór fram en hún taldi brot sitt og væntanleg viðurlög við því ásættanleg við þessar aðstæður enda leit hún svo á að hún hefði samþykki HRFÍ fyrir pöruninni þar eð skráning á gotinu var samþykkt. Óskar kærða Y eftir því við siðanefnd að litið verði fram hjá brotinu þar eð einungis liðu 6 dagar frá því að vottorðið rann út þar til pörun fór fram. Siðanefnd getur ekki gefið afslátt á viðurlögum vegna brotsins þó að litlu hafi munað, reglan kveður á um það að vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun og er sett með það að markmiði að tryggja það að hundarnir séu ekki með arfgengan sjúkdóm. Það skal þó litið til þess að kærða Y hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og þykir því hæfileg refsing vera áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt.

f.h siðanefndar

Sign:

*Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir*